

Veiðifélag Eystri-Rangár
Móeiðarhvoli 2
861Hvolsvöllur

Akureyri, 14. júní 2021
UST202103-114/G.S.Á.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit 2021 - Veiðifélag Eystri Rangár - Eyjarlandi þann 11.5.2021

Þann 11. maí sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Veiðifélags Eystri Rangár, Eyjarlandi við Laugarvatn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Enn er útistandandi frávik frá síðustu eftirlitum varðandi að stöðin starfar án starfsleyfis. Sótt var um starfsleyfi þann 31. janúar 2018 og hefur það nú verið auglýst til útgáfu. Í síðasta eftirliti var rekstraraðila bent á að sækja um undanþágu til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sbr. 4. mgr. 5. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir og var það gert þann 18. desember sl. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um þá undanþágubeiðni hjá ráðuneytinu.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða frágang á lóð og kvittanir vegna úrgangsskila til urðunarstaðar. Eitt frávik frá kröfum starfsleyfis kom fram er varðar:

1. Sápur og önnur spilliefni eru geymd inni í eldissal með opin niðurföll. Bent er á að setja þurfi upp lekabyttur undir efnin eða geyma þau í sérstöku rými með lekavörn. **Rekstraraðili brást strax við ábendingunni í eftirlitinu og færði efnaílátin út í geymslugám og telst því frávikinu lokið.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir
Sérfræðingur